

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Óskar Guðjónsson  
Umdæmisstjóri 2010-2011  
Klettakór 1b, 203 Kópavogur  
[skari@centrum.is](mailto:skari@centrum.is) / [www.kiwanis.is](http://www.kiwanis.is)

## Skýrsla umdæmisstjóra til umdæmisstjórnarfundar 22. janúar 2011

Ágætu félagar

Ég óska ykkur gleðilegs árs og þakka gott samstarf bíð ég ykkur hjartanlega velkomin til okkar fyrsta formlega umdæmisstjórnarfundar. Á þessum tímapunkti verður mér óneitanlega hugsað til sama tíma fyrir ári þegar umdæmisstjórarstarf mitt var í raun að hefjast. Af ástæðum sem við öll þekkjum var aðdragandi þess að aftur var sest í sæti umdæmisstjóra mjög skammur, og ef kallið hefði komið fyrir hefði verið hægt að undirbúa suma hluti betur. En ég er reynslunni ríkari og með önnur viðhorf og væntingar til starfans. Þó að tvöfalt hlutverk á umdæmisþingi og spennufallið í kjölfar þess hafi gengið mjög á orkuforðan, er búið að hlaða á tankana á ný og sama óþreyjan og eftirvæntingin farin að gera vart við sig. Mér fannst starfið skila miklu á síðasta ári og nú nýt ég þeirra forréttinda að fá að fylgja ýmsu af því sem við hófum á síðasta starfsári til enda

Hér á eftir mun ég gera stutta grein fyrir því helsta sem á baugi hefur verið í umdæminu það sem af er starfsársins

### Fundir og heimsóknir

Að jafnaði hafa 2 framkvæmdaráðsfundir verið haldnir í mánuði. Fundir hafa verið með svæðisstjórum varðandi breytta svæðaskipan næsta starfsár og þær breytingar sem hún hefur í för með sér, t.d. er varða nafngift og val svæðis- og kjörsvæðisstjóra næsta starfsár. Málefni Þórs- og Eddusvæðis eru í góðum farvegi og vinnuhópur svæðisstjórna vinnur að undirbúningi málsins. Þar var skipan svæðisstjóra og kjörsvæðisstjóra næsta starfsárs handsalaður á fundi í nóvemberlok. Í Óðinssvæði hefur valið svæðisstjóra næsta árs og mun væntanlega bjóða klúbbum úr Grettissvæði að tilnefna kjörsvæðisstjóra. Sögusvæði hefur sömuleiðis tilnefnt svæðisstjóraefni næsta starfsárs og mun væntanlega bjóða nýjum klúbbi í svæðinu að tilnefna kjörsvæðisstjóran. Klúbbum í Færeyjum hefur verið sett handleiðslunefnd, sem á að vera þeim til aðstoðar og leiðsagnar í nýtt svæði. Klúbbum hefur verið skrifað bréf um hvað þeir þurfa að klára til þess að hefja ferlið.

Umdæmisstjóri hélt einnig fund með nýjum formanni Fjölgunarnefndar þar sem farið var fyrir helstu verkefni og skyldur nefndarinnar. Einnig var fundað með K-dagsnefnd og Hjálmanefnd um framgang þeirra verkefna.

Framkvæmdanefnd hefur skipt með sér heimsóknum á svæðisráðsfundi en þeir hafa verið haldnir í öllum svæðum. Þar hafa umdæmismálin verið hreinskilningslega rætt og spurningum svarað starfið. Fundirnir hafa verið góðir og skoðanaskipti með jákvæðum formerkjum. Ég vil hrósa svæðisstjórum fyrir vel skipulagða og góða fundi, mætingar virðast góðar og almenn þátttaka í umræðum. Margir fundirnir hafa verið fræðsluvettvangur og vonandi verður framhald á því. Skýrslur klúbba sýna að þeir eru velflestir virkir, fjölbreyttar fjáraflanir ganga margar vel þrátt

# Kiwanis



Umdæmið Ísland-Færeyjar

## Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

fyrir erfiða tíma og styrktarverkefni eru óþrjótandi, vel virðist mætt á fundi og félagar tilbúnir að takast á við verkefni líðandi stundar.

Klúbbaheimsóknir hafa verið í Vörðu, Búrfell, Eldey, Eldborgu, Esju, græðlingsklúbbinn Eldfell og Jörfa. Einnig var umdæmisstjóri viðstaddur opnun sérstaks slökunarherbergis á BUGL, frábært styrktarverkefni Kiwanisklúbbsins Elliða. Ungliðaklúbburinn Blámi hefur líka fengið nokkra athygli. Umdæmisstjóri hyggst loka heimsóknahringnum frá því í fyrra og heimsækja um tug klúbba í viðbót. Aðrir framkvæmdanefndar hafa einnig heimsótt klúbba, en ætlun okkar er að heimsækja alla klúbba umdæmisins í það minnsta einu sinni á starfsárinu.

### Evrópumál/ Evrópuþing

Í lok september sótti umdæmisstjóri, sem verðandi formaður Fjölgunarnefndar Evrópu, undirbúningsfund vegna fjölgunarráðstefnu í október. Hún var síðan haldin í tengslum við Evrópustjórnarfund í München í október. Ráðstefnuna sótti 6 manna sendinefnd frá Íslandi. Þar stjórnáði umdæmisstjóri umræðuhópi um nýklúbba –g félagafjölgun og flutti erindi um efnið. Næsti Evrópustjórnarfundur er 19. febrúar í München

### Erlend gjöld

Sótt var um endurnýjun afsláttar af erlendum gjöldum í upphafi starfsársins eins og gert hefur verið undanfarin tvö ár. KI kallaði eftir frekari greinargerð um málið sem lögð yrði til grundvallar ákvarðanatöku á fundi Heimsstjórnar um og eftir síðustu helgi. Sem svar við fyrirspurn til framkvæmdastjóra KI leiðir í ljós jákvæða afgreiðslu stjórnar. Samtals sparar þetta umdæmisklúbbum um 4 milljónir króna sem eflaust kemur sér vel á þrengingatímum.

### 1012 fyrir 2012

Í upphafi starfsárs var opinber félagatala umdæmisins 936 félagar, en var 882 í upphafi starfsárs. Þetta er mesta raunfjölgun félaga í mörg ár og færir okkur í seilingarfjarlægð að markmiðinu um umdæmisstærð fyrir 2012. Að mínu mati er þessi mikla fjölgun fyrst og fremst tilkomin vegna stofnunar nýrra klúbba, þ.e. græðlingsklúbbs frá Helgafelli Vörðu í Reykjanesbæ. Í dag er félagatalan 937. Heyrst hefur um fjölgun í mörgum klúbbum og vonandi gengur hún eftir. Hins vegar hafa dauðsföll hreyfingunni verið óvenjumörg það sem af er starfsárinu.

Í ljósi áskorunar KI um umdæmisstærð 2012 hefur verið ákveðið að láta reyna á vilja heimsstjórnar til að fá að telja íslenska Sinawikfélaga sem umdæmisfélaga án þess að þeir beri nein gjöld.

Kvennanefnd hefur ekki setið auðum höndum og vinnur nú að stofnun kvennaklúbbs í Reykjavík. Ungliðaklúbburinn Blámi, sem samanstendur af ungmennum sem sóttu Kiwanissumarbúðir í Eistlandi sl sumar er farinn að starfa og Helgafellsgræðlingurinn Eldfell er þegar kominn í klúbbstærð og stefnir á klúbbstofnun á starfsárinu. ,i gærkvöldi slógu Helgafellsmenn eigið met í inntöku nýrra félaga þegar 21 græðlingsfélagi var tekinn inn í Helgafell. Vígsludagur Vörðunnar, fyrsta nýja klúbbsins á Íslandi síðan 1999, verður þann 1. febrúar, en þá munu 20 konur formlega ganga til liðs við Kiwanishreyfinguna.

### Hjálma verkefnið

Frá því í haust hafa verið haldnir undirbúningsfundir með Eimskipsfólki vegna hjálma verkefnisins. Kæra vegna misvísandi merkinga hjálmana barst Neytendastofu í haust og fór mikill

# Kiwanis



Umdæmið Ísland-Færeyjar

## Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

tími í að leiða það mál til farsælla lykta með formlegum greinargerðum og bréfaskriftum. Nýr samstarfssamningur við Eimskip til 3ja ára hefur verið undirritaður. Stefnt er á hjálmaafhendingu um miðjan apríl.

### K-dagur

K-dagsnefnd hefur haldið ötulu starfi sínu áfram og hefur framkvæmdanefnd verið haldið upplýstir um framgagn verkefnisins. Verkinu miðar vel áfram og styrkveitingar komnar fyrir lykklakostnaði. Lokahnykkurinn er framundan og ríður á að allir klúbbar og félagar gangi samstíga til þessa mikilvæga átaks sem K-dagur jafnan er. Með hliðsjón af undirbúningsvinnunni efast ég ekki um annað að okkur muni takast vel til.

### Nýtt heimsverkefni MNT

Nýju heimsverkefni KI „Eliminate“ verður formlega hleypt af stokkunum á heimspingi í Genf í sumar. Verkefnið er unnið í samvinnu við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (Unicef), líkt og var með Joðverkefnið. Áður hefur verið rætt um að verkefnisstjórn hérlendis verði í höndum Styrktarsjóðs og tengiliðs KIF í umdæminu. Umdæmisstjóri og formaður styrktarsjóðs áttu góðan kynningarfund með framkvæmdastjóra Unicef á Íslandi og lofaði hann góðu um komandi samstarf. Til stóð að halda „Focus Group“ fund með fulltrúa frá samstarfsaðila KI í desember and það gekk ekki eftir. Reynt verður að halda slíkan fund mjög fljótlega. Kynningarfundur með forystusveit umdæmisins hefur verið boðaður í Prag 1. maí næstkomandi.

### Aðrar nefndir

Umdæmisþing 2011 verður á Hornarfirði dagana 23-25 september. Kiwanisklúbburinn Ós hefur veg og vanda að undirbúningnum sem er vel á veg kominn.

Fræðslunefnd hefur verið með fræðslu í klúbbum og á svæðisráðsfundum. Fræðslunefnd næsta starfsárs er tekin til starfa og hyggur á svæðisstjóra- og forsetafræðslu á næstunni.

Internetnefnd hefur staðið í stórræðum en í dag verður nýr og breyttur vefur umdæmisins opnaður. Kennir þar ýmissa nýrra grasa, er vonandi mælast vel fyrir og hvetja féлага til virkrar vefnotkunar.

Ferðanefnd hefur skipulagt glæsilega heimspingsferð og er von okkar að sem flestir félgar nýti sér að heimsping fer nú fram í Evrópu. Ekki verður farin skipulögð ferð á Evrópuþing í Hollandi.

Stefnumótunarnefnd vinnur að nýrri stefnumörkun umdæmisins 2011-2014 sem lögð verður fyrir umdæmisþing í haust.

Gagnagrunnstengiliður kynnti rafrænt félagatal umdæmisins á fræðslu í haust og hefur það vakið verðskuldaða eftirtekt og margir klúbbar uppfæra nú klúbbtal sitt í gegnum gagnagrunn umdæmisins. Nýr félagi tók óvænt við starfi tengiliðs í haust, en hann mun eflaust þróa þetta starf áfram.

### Lokaorð

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



## Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Ykkur góðir embættismenn færi ég kærar þakkir fyrir ykkar störf og efast ekki um að við ljúkum árinu með sóma. Ábyrgðin á því er okkar – okkar allra!!!

Kiwaniskveðja  
Umdæmisstjóri

